



## Rökstuðningur vegna umsóknar (2000 stafir)

Múlaþing, sækir hér í þriðja sinn um í styrkvegasjóð Vegagerðarinnar fyrir landsvæði sem áður tilheyrði Borgarfirði eystri, Djúpavogshreppi, Fljótsdalshéraði og Seyðisfjarðarkaupstað. Ákveðið var að styðjast við gömlu sveitarfélagamörkin í umsókninni til útskýringa.

### Borgarfjörður eystri.

- *Breiðavíkurvegur* (16 km).

Um er að ræða slóða sem nýttir eru við smölun og veiðar en einnig í tengslum við ferðaþjónustu. Framkvæmdir fela í sér akstur á efni og viðgerð á pyttum.

### Djúpivogur.

- *Vegir í Hamarsdal, Bragðavalladal* og Vesturbót Flugustaðadal. Umræddir vegir eru í auknum mæli notaðir af ferða- og útivistarfólki auk þess sem þeir gegna mikilvægu hlutverki við fjallskil og göngur.
- *Gamli flugvallarvegurinn* sem er mikið notaður af ferðafólki.

### Fljótsdalshérað.

- *Brú yfir Eyvindará milli Stuðlafoss á Jökuldal og Brattagerðis í Rana*. Burðarstólpi er að gefa sig og los er á grjótfargi sem styrkir stöpulinn. Brúin er á slóða sem er notaður við smölun og hreindýraveiðar, en er auk þess skammt innan við Stuðlagil sem er með vinsælustu ferðamannastöðum. Vinna við brúna var hafin í fyrra sumar en þarf að klára.
- *Slóði af Axarvegi að Bjarnarhýði* sem báðir eru nýttir við smölun og veiðar. Framkvæmdir fela í sér lagfæringar, akstur á efni og viðgerð á blautum köflum. Á köflum eru slóðarnir grýttir og þarf að fjarlægja eða brjóta efnið sem er í þeim.
- *Laugavellir, Hafrahvamar og Dimmugljúfur*. Lagfæringar á vegum og plani við Dimmugljúfur ásamt grjóthreinsun. Vinsælir ferðamannastaðir.
- *Fellaheiði*. Mikilvægur vegna fjallskila, skógræktar, veiði og einnig er önnur útivist stunduð þarna, þarna er ein Perla Fljótsdalshéraðs, Rangárhjúkur sem er vinsæl gönguleið.
- *Brúardalaleið*. Frá Kárahnjúkum og að vegi 9140 í Arnardal. Grjóthreinsun á slóð og lagfæring á vegi.

### Seyðisfjörður.

- *Bjólfsvegur*, vinsæll útsýnisstaður og nýr áfangastaður.
- *Vegur upp að hljóðskúlptúrnum Tvísöng*. Um er að ræða vegi sem þjónusta að mestu þá fjölmörgu ferðamenn er sækja Seyðisfjörð heim á hverju ári. Þar sem vöxtur hefur verið ör síðasta áratug þarfnast vegirnir endurbóta og uppbyggingar.
- *Vegur að skíðasvæðinu í Stafdal*. Vegurinn þarfnast viðhalds vegna mikillar notkunar undanfarin ár. Breikka þarf veginn og laga bílastæði.
- *Skálanesvegur um Flanna*. Mikilvægur vegur vegna fjallskila en á Skálanes er líka staðsett náttúru- og menningarsetur og starfrækt vísindaleg rannsóknarmiðstöð.

## Áætlaður kostnaður og önnur fjármögnun (2000 stafir)

Áætlaður kostnaður fyrir þessa vegkafla er sem hér segir:

Breiðavíkurvegur: kr. 4.000.000



Vegur í Hamarsdal: kr. 3.000.000  
Vegur í Bragðavalladal: kr. 3.000.000  
Gamli flugvallarvegur: kr. 3.000.000  
Vegur í Vesturbót í Hamarsdal: kt. 3.000.000

*Brú yfir Eyvindará: kr. 3.000.000*  
*Slóði af Axarvegi að Bjarnarhýði: kr. 3.000.000*  
*Laugavellir, Hafrahvammur og Dimmugljúfur: kr. 500.000*  
*Fellaheiði: kr. 3.000.000*  
*Brúardalaleið: kr. 3.000.000*

Vegur að skíðasvæðinu í Stafdal: kr. 3.000.000  
Bjólfsvegur: kr. 6.000.000  
Vegur upp að Tvísöng: kr. 500.000  
Skálanesvegur um Flanna: kr. 3.000.000

Með vísan til framangreindra upplýsinga er hér með sótt um 41.000.000 kr. - til framkvæmda þeirra er um ræðir.